

Skólaráðsfundur 6. desember 2021

Fundinn sátu: Lydía Ósk Jónasdóttir, Elenóra Jónsdóttir, Una Karen Guðmundsdóttir, Óskar G. Björnsson og Hallfríður Sverrisdóttir sem ritaði fundargerð.

Skólastjóri kynnti niðurstöður matsskýrslu MMS, en skólinn var tekinn út í ytra mati á vegum Menntamálastofnunar í lok október. Niðurstöður eru almennt jákvæðar fyrir skólann.

Farið var yfir helstu styrkleika og tækifæri til umbóta. Næstu skref eru að kynna niðurstöðurnar á starfsmannafundi og gera umbótaáætlun. Matsaðilar munu kynna starfsmönnum niðurstöðurnar á fjarfundi eftir áramót. En skýrslan er aðgengileg á vef Menntamálastofnunar.

Fagmenntskuteymi skólans mun fara yfir niðurstöðurnar og í framhaldinu verður gerð umbótaáætlun, en skilafrestur á henni er 1. mars 2022.

Næsti fundur skólaráðs er áætlaður mánudaginn 10. janúar 2022.